



2, 12.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
KITSTJÓRI.

Nóv. 1907.

BÚID TIL SÓLSKIN !*)

Svo ljysi og yðvart ljós öðrum mönnum, að beir sjái yðar góðverk og vegsami yðar himneska föður (Matt. 5, 16).

Ungu vinir !

Veturinn er nú nýbyrjaður. Og ljósið er að verða minna og minna. Okkur finst það verða of lítið. Og við vildum helst, að við gætum aukið það — hefðum vald til þess að búa til sólskin.

Það er svo margt, sem búið er til og fundið er upp á nú á dögum. Fólk talar saman, þótt langt langt sé á milli. Og menn sendast á fréttir í gegn um loftið mörg þúsund mílur. Og nú er í ákafa reynt að sigla gegn um loftið. Menn eru einlægt að reyna að gera það, sem áður þótti ómögulegt. Því miður er stundum látið vera að gera það, sem innan handar er að gera og ætti að gera og væri svo gott, ef allir vildu gera.

Maður einn í New York var einu sinni að reyna að búa til sólskin. En honum tókst það ekki á þann hátt, sem hann ætlaði sér að gera það, eins og þið vist getið nærri. En gaman

*) Úr ræðu við barnaguðsþjónustu í Selkirk á allra heilagra messu 1907.